

## Fundargerð foreldrafélags Setbergsskóla

Fundur haldinn 16. október 2013, kl. 18:00

Mættir voru:

Fyrir hönd foreldrafélagsins: Benedikt, Jóna Björk, Kristin, Anna Margrét

Fyrir hönd Setbergsskóla: Sif, Harpa

### Dagskrá fundarins:

1. Verkefnaskipan stjórnar foreldrafélags Setbergsskóla 2013-2014
2. Unglingafærni, námskeið fyrir foreldra
3. Leiksýning fyrir unglingsdeild
4. Greiðsluseðlar
5. Jólaföndur
6. Önnur mál

#### 1. Verkefnaskipan

Formaður: Kristin Thoroddsen

Gjaldkeri: Jóna Björk Björgvinsdóttir

Ritari: Aðalbjörg Óladóttir,

Meðstjórnendur: Rósa Pétursdóttir, Benedikt Gröndal, og Anna Margrét Tómasdóttir

Frá Setbergsskóla:

Sif Stefánsdóttir, Harpa Vigfúsdóttir og Anna María Gunnarsdóttir

Ákveðið var að halda fundi einu sinni í mánuði eða eins og verið hefur.

#### 2. Unglingafærni

Rætt var um unglingsfærni námskeið sem fyrirhugað er 29 október næstkomandi. Dagskrá fundarins lá fyrir en sá fyrirlesari sem átti að vera mun ekki geta verið með okkur að þessu sinni og kom þá hugmynd að kalla til annan fyrirlesara, Jón Halldórsson, en hann hefur komið að sjálfstyrkingu fyrir unglings og haldið námskeið í nafni Dale Carnegie. Hann er laus þetta kvöld og mun senda okkur upplýsingar um erindi sitt. Taka verður því ákvörðun í framhaldi hvort hann henti okkur. *Kristin* mun hafa samband við hann. *Jóna*

mun sjá um að kaupa veitingar en í sameiningu munum við þau sem á fundinn komast hjálpast við að koma þeim fyrir.

### 3. Leiksýning fyrir unglिंगadeild

Foreldrafélaginu hefur boðist að kaupa miða á leikrit á vegum Gaflaraleikhússins, „Unglingurinn“ á góðu verði og var það samþykkt á fundinum að veita Setrinu styrk til að greiða niður miða fyrir unglिंगa efstu deildanna. *Aðalbjörg* mun tala við Fjólu í Setrinu og ræða nánar um það hvernig best er að haga þessu. Hugmynd var að foreldrafélagið greiddi að hluta miðaverð hvers unglings og nemendafélag unglिंगadeildar héldi utan um miðasölu. Einnig fannst okkur eðlilegt að foreldrar hefðu tök á að fara með barni sínu ef þeir vildu en þeir greiddu þá fullt verð. Verðið hefur ekki verið endanlega ákveðið né sá styrkur sem foreldrafélagið veitir en í boði er að kaupa heila sýningu og eða kaupa miða á fyrirfram auglýsta sýningu. *Aðalbjörg* mun skoða þetta betur. Við töldum heppilegast að þetta yrði sem fyrst eða í næstu eða þarnæstu viku en dagsetningin yrði í samráði við Fjólu og leikhúsið.

### 4. Greiðsluseðlar

Greiðsluseðlar verða sendir út á næstu dögum og mun *Sif* senda út nafnalista til *Jónu* sem mun í framhaldi koma því til bankans í innheimtu. Ákveðið var að í kjölfarið yrði sendur út póstur til foreldra í nafni foreldrafélagsins þar sem kynnt yrði starf foreldrafélagsins og þeir minntir á mikilvægi þess að greiða félagsgjaldið en jafnframt lögð áhersla á það að gjaldið er valkvæmt.

### 5. Jólaföndur

Ákveðið var að halda jólaföndrið 23.november eins og rætt hafði verið um og mun *Sif* sjá um að koma tilkynningu um það inn á vef skólans svo fólk geti tekið daginn frá. Skoðað verður úrvalið hjá þeim sem við höfum verslað við undanfarin ár sem og kanna byrgðarstöðu á öðru sem þarf í föndrið.

### 6. Önnur mál

*Sif* ræddi um gildi þess að fá rithöfunda á vegum rithöfundasambandsins til að koma og lesa úr völdum bókum eins og gert var á síðasta ári en það mældist vel fyrir hjá öllum bekkjardeildum skólans og varð til þess, að hennar mati, að lestur bóka hefði aukist í kjölfarið. Samþykkt var á fundinum að veita styrk til þessa verkefnis í ljósi þess hversu vel til tókst á síðasta ári.

Rætt var um mikilvægi þess að hlúa að skólalóðinni og því sem aukið getur ánægju nemenda í fríminútum og mun *Sif* fara í það að nýta þann styrk sem foreldrafélagið veitti skólanum á síðasta ári. Í framhaldi af þessari umræðu var rætt um það hvort ekki ætti að kalla aftur eftir munum sem liggja mögulega í

geymslum hér í hverfinu og gætu nýst skólanum í leik og starfi, einnig var varpað fram þeirri hugmynd að nýta samfélagið sem við höfum hér í Setberginu og kalla eftir aðstoð við viðhald og fegrun skólalóðarinnar þegar vorar.

Fundi slitið kl. 19:00 og næsti fundur áætlaður þann 04 nov kl. 17:15